

Nd.

586. Nefndarálit

[190. mál]

um frv. til laga um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Afgreiðsla þessa frumvarps er í samræmi við vinnubrögð stjórnarliðsins að því er varðar efnahagsmálin. Frumvarpið er seint fram komið, illa unið, spannar ekki yfir það sem staðreyndir sýna.

Ljóst er, að margar nauðsynlegar eða óhjákvæmilegar framkvæmdir lenda utan áætlunar, en hins vegar er svo tekið fram fyrir hendur fjárveitinganefndar og þingsins með því að teknar eru inn framkvæmdir, sem hafnað var við afgreiðslu fjárlaga í desembermánuði s. l. Jafnframt er ljóst, að farið verður út fyrir ramma þann, sem settur var með efnahagsmálalöggjöfinni fyrir skömmu, og langt út fyrir það, sem ætlað var varðandi erlendar lántökur. Nægir þar að nefna fjárförf Landsvirkjunar umfram það, sem ætlað er í frumvarpinu, um 2.5—3 milljarða, en bréf Landsvirkjunar frá 23. apríl s. l. til iðnaðarráðherra er birt með þessu nál. sem fylgiskjal. Einnig má ætla að nauðsynlegt verði að leysa fjárförf ýmissa hitaveitna og annarra orkufyrirtækja um 1.5—2 milljarða. Þá eru fyrirhugaðar erlendar lántökur vegna landbúnaðarins, 3.5—4 milljarðar, en á þau mál má ekki minnast nú við afgreiðslu þessa frumvarps. Fleira mætti nefna, sem rennir stoðum undir þá fullyrðingu, að hér vanti raunverulega allt að 8—10 milljarða króna til þess að rétt mynd verði dregin. Ljóst er því, að fjárfesting mun fara fram úr 25%, sem er markmið samkv. nýsamþykktum lögum um stjórn efnahagsmála. Einnig munu erlendar lántökur sennilega verða allt að 50 milljarðar móti 32.1 milljarði á s. l. ári, sem var 2.1% af þjóðarframleiðslu, en verður á þessu ári vart undir 3% af þjóðarframleiðslu, og skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann halda áfram að vaxa.

Þegar hafa komið fram breytingartillögur varðandi orkumálin, og er það að vonum þegar svo er staðið að málum sem raunin er. Þeim breytingartillögum hafnar stjórnarliðið, a. m. k. í nefndinni.

Auk þess sem frumvarpið er seint fram komið hefur afgreiðsla þess tekið langan tíma í fjárhags- og viðskiptanefnd. Stafar það að sjálfsögðu af hinu venjulega ósamkomulagi stjórnarflokkanna um afgreiðslu hinna mikilvægustu mála.

Ýmsir aðilar komu á fund nefndarinnar til viðræðna og til þess að koma á framfæri athugasemdum sínum. Misjafnlega hefur meiri hluti nefndarinnar orðið við þeim athugasemdum. Nokkuð hefur verið gengið til móts við óskir Ferðamálaráðs um breytingu á 20. gr. frumvarpsins, um vanda Landsvirkjunar er ekki rætt, á forráðamenn lífeyrissjóðanna er ekki hlustað, en flutt einskis verð breytingartillaga við 3. gr. Greint var frá erindi Þörungavinnslunnar á Reykhólum um 25 milljónir króna til hafnarbóta þar. Formaður nefndarinnar upplýsti, að fjármálaráðherra hefði lofað að vinna að lausn málsins og því ekki ástæða til tillöguflutnings.

Með hliðsjón af framansögðu og fyrri athöfnum stjórnarflokkanna í efnahagsmálum fer best á því, að þeir beri alla ábyrgð á afgreiðslu þessa frumvarps. Stjórnarandstæðan hefur ekki og mun ekki hefja framgang þess, enda fyrir löngu brýn þörf á að Alþingi afgreiði lánsfjáráætlun ársins.

Alþingi, 2. maí 1979.

Ólafur G. Einarsson,
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.

Fylgiskjal.

Iðnaðarráðherra
Hjörleifur Guttormsson
Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli

Dags. 23. 4. 1979.

Með bréfi, dags. 6. þ. m., gerði Landsvirkjun ráðuneytinu grein fyrir tilboðum þeim, sem opnuð voru 2. mars s. l. í byggingarvinnu Hrauneyjafossvirkjunar. Eins og þar kemur fram reyndist þó nokkur munur á tilboðsfjárhæðum og áætlunum ráðunauta Landsvirkjunar, ýmist til lækkunar (jarðvinna) eða hækkunar (steypuframleiðsla og stöðvarhús), og eru heildaráhrifin greinilega til hækkunar hlutaðeigandi stofnkostnaðaráætlunar.

Tilboð þau, sem samþykkt var á sínum tíma að taka í vélar og rafbúnað virkjunarinnar, reyndust hins vegar um \$ 5.0 millj. lægri en áætlað hafði verið. Kemur þessi lækkun væntanlega til að vega verulega upp á móti fyrirsjáanlegri kostnaðarhækkun byggingarvinnunnar, þegar litið er á verkið í heild. Í fjárhagsáætlun Landsvirkjunar frá fyrra ári vegna 1979, sem lögð var til grundvallar lánsfjáráætlun ársins í ár, var tekið tillit til umræddrar lækkunar, en byggt á áætlun ráðunauta Landsvirkjunar, að því er snertir byggingarvinnuna, sem er lægri en tilboðin, þegar á heildina er litið.

Þá er þess að geta, að Landsvirkjun stefnir að því að draga úr kostnaðarhækkunum vegna byggingarvinnunnar með því að semja við Fossvirki um vinnuna á þessu ári við steypuframleiðsluna og stöðvarhúsið á lækkuðum einingarverðum miðað við tilboð Fossvirkis, sem var lægst í þessa verkhluta sameiginlega, en síðan er ætlunin að bjóða áframhald þeirra út síðar á árinu. Yrði að því leyti um endurtekið útböð að ræða.

Landsvirkjun hefur endurskoðað stofnkostnaðaráætlun Hrauneyjafossvirkjunar í ár með hliðsjón af framangreindu, auk þess sem fjárhagsáætlanir fyrirtækisins í heild hafa verið endurskoðaðar miðað við 35% áætlaða verðbólgu á þessu ári og 20% gengissig, en fyrri áætlanir miðuðust við 25% verðbólgu og 20% gengissig. Niðurstöður þessara áætlana eru þær, að lántökur Landsvirkjunar í ár þurfa að nema alls 8 070 millj. kr. í stað 6 500 millj. kr. samkvæmt drögum að lánsfjáráætlun ársins. Nemur hækkunin samkvæmt þessu um 1 000 millj. kr. vegna vanáætlunar á kostnaði við byggingarvinnu og 500 millj. kr. vegna breyttra verðlagsforsendna o. fl.

Samkvæmt hinni endurskoðuðu áætlun eru fjármagnshreyfingar 1979 þessar:

Fjárfesting í milljónum kr.

Hrauneyjafoss	6 923
Sigalda	729
Rannsóknir og ýmsar framkvæmdir	559
Vextir	829
	<u>9 040</u>

Fjáröflun í milljónum kr.

Fé úr rekstri	550
Framlög eigenda	420
Erlend lán (§ 23.0 m. á meðalgenginu § = kr. 350.35)	8 070
	<u>9 040</u>

Þess ber að geta, að framangreindar áætlanir byggjast á því, að rafmagnsverð Landsvirkjunar hækki um 45% hinn 1. maí n. k., 30% hinn 1. ágúst n. k. og 14.5% hinn 1. nóvember n. k. svo tryggja megi greiðsluhallalausn rekstur og að auki 550 millj. kr. úr rekstri til fjármögnunar framkvæmda, eins og drög að lánsfjáráætlun ársins gera ráð fyrir, sbr. og bréf Landsvirkjunar til ráðuneytis, dags. 30. mars s.l. Fari svo, að hækkunir þessar verði að einhverju leyti ekki samþykktar, eykst lánsfjárbörfin að sama skapi fram yfir 8 070 millj. kr. (§ 23.0 m.).

Með hliðsjón af framangreindu fer Landsvirkjun þess hér með á leit við yður, hæstvirtur iðnaðarráðherra, að þér hlutist til um að við endanlega afgreiðslu lánsfjáráætlunar ríkisins fyrir árið 1979 verði gert ráð fyrir, að lántökur Landsvirkjunar nemi 8 000 millj. kr. (um § 23.0 m.) í ár og þá með fyrirvara um leiðréttingar eftir því, sem frávik frá framangreindum forsendum um verðlagsþróun og gjaldskrárbreytingar kunna að gefa tilefni til.

Virðingarfyllt

Halldór Jónatansson,
aðst.framkvæmdastjóri